

Sent með tölvupósti

Reykjavík, 1. desember 2022

Alþingi
Atvinnuveganefnd
b.t. Stefán Vagn Stefánsson, formaður

Efni: Umsögn til atvinnuveganefndar um þingsályktunartillögu um fyrirkomulag matvælaframleiðslu til neyðarbirgða, 397. mál, 153. löggjafarþing.

Bændasamtök Íslands styðja tillögu þessa enda öflug og fjölbreytt innlend landbúnaðarframleiðsla og neyðarbirgðir stór hluti þess sem þarf til að tryggja fæðuöryggi á Íslandi. Vísast því til stuðnings meðal annars til skýrslu starfshóps forsætisráðuneytisins um neyðarbirgðir sem kom út í ágúst sl. og draga að matvælastefnu sem matvælaráðherra kynnti í nóvember sl.

Að því sögðu eru fulltrúar samtakanna reiðubúnir að koma að frekari útfærslu á málefninu, auk þess sem fulltrúar samtakanna eru reiðubúnir til að koma á fund nefndarinnar til frekari umræðu og skoðanaskipta.

Virðingarfyllt
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason, lögfræðingur